



Hægryðgandi stál – Áfangaskýrsla 4. Baldvin Einarsson, Efla hf. – nóvember 2021.

Í þessari fjórðu áfangaskýrslu um hægryðgandi stál er fjallað um nokkrar hliðar á notkun stálsins við mannvirkjagerð og sérstaklega með áherslu á brúargerð.

Fjallað er um nýjan stálstaðal fyrir hægryðgandi stál og um val á stáli til brúargerðar. Þá er kafli um myndun verndandi ryðhúðar á stálinu og hvað getur komið í veg fyrir að verndarhúðin myndist. Settar eru fram nokkrar ráðleggingar um hönnun á brúm úr hægryðgandi stáli, hvað ber að varast og hvernig staðið skal að smíði og uppsetningu þeirra.

Loks er kafli um hagkvæmni þess að nota hægryðgandi stál í stað venjulegs málaðs stál í brýr.